

Hafnarfjarðarbær og Flensborgarskólinn í Hafnarfirði gera með sér svohljóðandi samkomulag varðandi hljóðvarpsendingar frá bæjarstjórnarfundum, Vefveitu Hafnarfjarðar og þróunarverkefnið Sjónvarp Hafnarfjörður.

Útsendingar frá bæjarstjórnarfundum

1.gr

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði annast hljóðvarpsendingar frá fundum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar sem haldnir eru að jafnaði annan hvern miðvikudag. Útsendingin skal hefjast stundvíslega og ljúka þegar forseti bæjarstjórnar slítur fundi. Undirbúningi fyrir útsendingu skal ætíð lokið a.m.k. 15 mínútum fyrir fund. Útsendingin skal vera órofin meðan á fundi stendur, að undanskildum fundarhléum og ef forseti ákveður að loka fundi. Sent verður út á tíðninni fm 97,2 og á netinu vefveitu Hafnarfjarðar á www.hafnarfjordur.is og í Sjónvarpi Hafnarfjarðar, þegar útsendingar þess hefjast.

Afrit af fundinum skal komið á netið, vefveituna, kl. 08.00 daginn eftir að fundi lýkur.

2.gr

Vefveita Hafnarfjarðar. Hafnarfjarðarbær og Flensborgarskólinn standa sameiginlega að rekstri Vefveitu Hafnarfjarðar. Tilgangur með Vefveitunni er að auka aðgengi bæjarbúa að ýmsum upplýsingum og samtímaviðburðum sem snerta hagsmuni íbúa sveitarfélagsins en einnig að vera safnveita upplýsinga og heimilda um Hafnarfjörð og hafnfirskt mannlíf

3.gr

Öllum bæjarstjórnarfundum skal varpað í rauntíma um veituna sem og völdum atburðum sem Hafnarfjarðarbær stendur að eða hefur forgöngu um samkvæmt nánari ákvörðun upplýsingafulltrúa bæjarins. Upptökur af öllu efni sem sent hefur verið út skal vera aðgengilegt hverjum sem er tilskoðunar á vefnum www.hafnarfjordur.is auk þess sem kappkostað verður að koma eldra efni úr safni Halldórs Árna Sveinssonar og efni sjónvarps Hafnarfjarðar þar fyrir þegar fram líða stundir.

4.gr

Hafnarfjarðabær greiðir fyrir hverja útsendingu fast gjald kr. 102.068.- Sama gjald skal greitt fyrir aukafundi sem kunna að verða haldnir á milli reglulegra funda. Ef fundur stendur lengur en 6 tímar þá kemur á aukagjald, 4010 kr. á tímann. Innifalið í upphæðinni er greiðsla fyrir aðstöðu, tæki, aðgang að dreifikerfi og annað sem nauðsynlegt er til hljóðvarpsendingar.

5.gr

Starfsmenn tölvudeildar Hafnarfjarðar munu hafa umsjón með rekstri og geymslu gagna á tölvuveitu Hafnarfjarðarbæjar, en upplýsingafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar og

Hafnarfjarðarbær
23.2.2011
11023145
710.3

Útvarpsstjóri Flensborgar munu fara sameiginlega með ritstjórn veitunnar. Þá skal fjölmiðladeild skólans setja upp og annast veðurmyndavélar á þaki skólans sem hægt verður að skoða á vefnum www.hafnarfjordur.is

Sjónvarp Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarbær heitir því að halda áfram að þróa leiðir til frekari upplýsingamiðlunar í samvinnu við fjölmiðladeild Flensborgarskólans. Í því skyni muni útvarpsstjóri Flensborgar og upplýsingafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar hafa með sér reglulegt samráð vegna reksturs og frekari uppbyggingar Vefveitu Hafnarfjarðar og boða á þá fundi fulltrúa tölvudeildar Hafnarfjarðarbæjar þegar þurfa þykir.


Þá heitir Hafnarfjarðarbær stuðningi sínum og aðkomu við að hefja útsendingar Sjónvarps Hafnarfjarðar – í Flensborg. Þar myndu sjást útsendingar frá fundum bæjarstjórnar auk þess sem Hafnarfjarðarbær myndi kappkosta að nýta sér möguleika sjónvarpsins til miðlunar hagnýtra upplýsinga til íbúa á hliðstæðan hátt og í Vefveitunni. Þannig væri bærinn að efla fjölmiðlatæknikennslu í bænum.

Samkomulag þetta gildir frá 1. janúar 2011 til 1. júní 2014 og getur hvor aðili sagt því upp með 3 mánaða fyrirvara. Gjald dagar eru 1. júní og 1. desember ár hvert.

Samningurinn er ekki verðtryggður. Árlega skal fara fram endurskoðun á samningsfjárhæð og þá skal tekið tillit til þeirra verðbreytinga sem orðið hafa á undirliggjandi þáttum samningsins. Jafnframt skal taka tillit til kostnaðarbreytingar sem stafa af breyttum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem ekki eru bættar í öðrum verðleiðréttingum.


Hafnarfirði 21. febrúar 2011

Fh. Hafnarfjarðarbæjar


Guðmundur Rúnar Arnason
Bæjarstjóri

*Súsanna
persónud.*

Fh. Flensborgarskóla


Einar Birgir Steinþórsson
Skólameistari

Hauður Anna Súsanna